

12. ágúst 1994

1431

Nr. 454

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 339, 22. júní 1994,
um loðnuveiðar 1994/1995.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. liðar 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 376, 5. júlí 1994, er loðnubátum heimilt að stunda veiðar á svæði því, sem tilgreint er í B. lið, á tímabilinu frá kl. 20 12. ágúst 1994 til með 21. ágúst 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1994.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.